

Alþingi
Erindi nr. P 125/1350
komudagur 30. 3. 2000



Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Det Islandske Advokatsamfund
The Icelandic Bar Association

Reykjavík, 29. mars 2000.

Efni: Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytinga á almennum hegningalögum nr. 19/1940 (359. mál).

Með bréfi Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 16. mars sl., var ofangreint frumvarp sent LMFÍ til umsagnar.

Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og skilar svohljóðandi álit:

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum greinum, alls 7, af ýmsum toga.

1. Lagt er til, að barnabörnum verði einnig veittur málshöfðunarréttur samkvæmt 3. mgr. 25. gr, ef sá er látinn, sem misgert var við. Er breytingartillagan m.a. rökstudd með þjóðfélagsbreytingum, sem orðið hafi frá því ákvæðið var upphaflega sett 1940. Laganefnd leggst ekki gegn þessari breytingu, þótt ekki verði séð að knýjandi nauðsyn sé til hennar, né að þjóðfélagsbreytingar síðustu 60 ára hafi valdið nánari fjölskyldutengslum, eins og tillagan virðist gera ráð fyrir.

2. Lagt er til, að almenna sektarhámarkið í 50. gr., 4 milljónir króna, verði afnumið. Er þetta, með tilvitnun til fyrri dómsmálaráðherra, m.a. rökstutt með því, að ýmiskonar fjárhagsbrot nú geti numið svo háum fjárhæðum, að almenna sektarhámarkið sé orðið til trafala. Er einnig vísað til mjög hárra hámarka í sérrefsilögum svo og hagkvæmnis-ástæðna vegna verðlagsbreytinga.

Laganefnd dregur í efa, að þessi rök, eða önnur í frumvarpinu, réttlæti afnám almenna sektarhámarksins. Sýndist nær að grandskoðuð yrðu refsifræðileg rök fyrir hinum geysiháu sektarhámarkum sérrefsilaga, allt að tífaldri skattbrotafjárhæð og aldrei minna en tvöfaldri svo dæmi sé tekið. Hagkvæmnisrök geta ekki valdið afnáminu, sérstaklega ekki nú þegar verðlag hefur verið stöðugra um skeið en um allmarga áratugi.

Eðlilegra sýnist, að dómstólum séu sett almenn mörk um sektarfjárhæð en að það sé látið eftir mati þeirra.

3. Laganefnd styður tillögu til breytingar á 70. gr.

4. Laganefnd styður tillögu til breytingar á 81. gr. um fyrningartíma brota lögaðila, þannig að hann verði 5 ár og tekur undir röksemdir í athugasemdum við frumvarpið.


5. Tillaga um nýja 108. gr. miðar að verndun vitna og styður Laganefnd þá tillögu.

6. Breytingartillögur við 210. gr. miða að samræmingu og herðingu refsingar, þegar brot felast í að sýna börn á klámfenginn hátt og samræmi í því að innflutningur slíks klámefnis verði einnig refsiverður, jafnvel þótt efnið sé ekki komið í vörslur innflytjanda. Sýnast þessar breytingar vera til bóta.

7. Með brottfalli 2. mgr. 256. gr. er lagt til, að niður falli ákvæði um að ekki skuli höfða mál vegna auðgunarbrotis, ef tjón nemur minna en 7000 krónum. Laganefnd fellst á rök í athugasemdum við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar LMFÍ



Jakob R. Möller, hrl., formaður.